



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

601. stjórnarfundur 25. apríl 2023 kl. 17:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson Fjarverandi: Björg Hafsteinsdóttir og Jónína Steinunn Helgadóttir.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

## 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá taekwondodeild. Landsliðsþjálfari Danmerkur verður með æfingabúðir 5. – 7. maí.

Tölvupóstur frá ÍSÍ. Það er búið að opna fyrir skil á starfsskýrslum. Lokadagur á skilum er 30. apríl.

Bréf frá RNB vegna umsóknar um niðurfellingu á fasteignaskatti fyrir Hringbraut 108.

Erindið samþykkt.

Fundagerðir frá knattspyrnu- og fimleikadeild.

## 3. Send bréf

Erindi sent á bæjarráð RNB fyrir hönd fimleikadeildar með ósk um starfsmann á sumarnámskeið.

Erindi sent á íþrótt- og tómstundaráð vegna fjárhagserfiðleika fimleikadeildar.

Erindi sent á íþrótt- og tómstundaráð með ósk um svör á erindi vegna starfsmanna á HS- orku völlinn.

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

## 4. Formanna- gjaldkerafundur

Formanna-, gjaldkera- og framkvæmdastjórafundur var haldinn 11. apríl. Fundagerðin liggur fyrir fundinum. Mætt var frá 5 deildum af 9 auk aðalstjórnarmanna.

## 5. Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ verður haldinn 13. maí í nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ Engjavegi 6, Reykjavík. Tilkynna þarf þátttöku fyrir 5. maí. Formaður og varaformaður fara á fundinn.

## 6. Skýrslur starfshópa um rekstrarsamninga og uppbyggingu íþróttamannvirkja

Fundur var haldinn 20. apríl kl. 11:00 með Evu Stefánsdóttur varðandi skýrslu um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum. Skýrslur starfshópanna liggja fyrir fundinum.

## 7. Ársþing ÍRB

Ársþing ÍRB verður í Íþróttakademíunni miðvikudaginn 24. maí.

Keflavík á 10 þingfulltrúa.



## 8. Önnur mál

- A. Íþróttaping ÍSÍ verður haldið 5. og 6. maí í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, Hafnarfirði. Okkur hefur verið boðið að taka þátt sem þingfulltrúar. Einar, Birgir Már og Garðar Már gefa kost á sér sem þingfulltrúar.
- B. Umræða um lyftingasalinn.

Fundi slitið kl. 18:15

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. maí 2023

Fundinn ritaði Eva Björk